

Eystrahorn

41. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 19. nóvember 2020

www.eystrahorn.is

Alvarleg staða ferðaþjónustunnar í Sveitarfélaginu Hornafirði



Unnin var könnun um stöðu ferðaþjónustuaðila í Sveitarfélaginu Hornafirði, þar kom fram að fjölmörg störf hafa tapast vegna Covid 19 en þrátt fyrir það eru ferðaþjónustuaðilar bjartsýnir með rekstur ferðaþjónustufyrirtækja til framtíðar og ætla að þreyja Þorrann á meðan ástandið varir.

Í september s.l. hafði Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu (FASK) frumkvæði að boðun vinnufundar og framkvæmd könnunar meðal ferðaþjónustuaðila á starfssvæði FASK. Sveitarfélagið Hornafjörður (SVH) kostaði verkefnið og Þekkingarsetrið Nýheimar kom að undirbúningi og utanumhaldi þess. Vinnufundinum var ætlað að skila tillögum (hugmyndum) að lausnum sem greinin sjálf, ríkið, sveitarfélög, bankar, tryggingarfélag og aðrir aðilar geta gripið til sem stuðning við

greinina svo draga megi úr neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs vegna Covid 19 á fyrirtæki, fjölskyldur, ríkið, sveitarfélög og aðra hagsmunaraðila. Samkvæmt skýrslu frá SASS sem fjallar um hagtolur um atvinnulíf á Suðurlandi kemur fram að 565 einstaklingar störfuðu í ferðaþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði árið 2019 og hafði þeim fjölgað um 455% frá árinu 2009.

Spurningakönnun var send út í lok september til 107 mismunandi aðila og bærust svör frá 57 aðilum.

Helstu niðurstöður könnunarinnar:

- Áætlað er að á bilinu 15-20% af störfum innan SVH tapist á tímabilinu 2020 til 2021 til samanburðar við árið 2019.
- Hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja (1-20 starfsmenn) var um 92% af fyrirtækjum í ferðaþjónustu

árið 2019.

- Lítil og meðalstór fyrirtæki sköpuðu á bilinu 64-66% allra starfa ferðaþjónustunnar í SVH árið 2019.
- Ferðaþjónustuaðilar eru mjög neikvæðir til skamms tíma (6 mánaða) og telja að á bilinu 232-326 störf tapist vegna Covid 19 til loka árs 2021
- Ferðaþjónustuaðilar verða jákvæðari ef horft er til lengri tíma (12-24 mánaða) og ekkert fyrirtæki hyggst hætta starfsemi.

Með þessari vinnu FASK og þátttöku ferðaþjónustuaðila vonumst við til að þær hugmyndir sem fram komu á vinnufundinum nýtist öllum aðilum máls. Þannig aukast möguleikar á réttum viðbrögðum og dregið verði úr þeim skammtíma skaða sem nú blasir við. Um leið er tryggð viðspyrna íslenskt efnahagslífs þegar faraldurinn rénar og eðlilegra viðskiptaumhverfi skapast.

Hægt er að nálgast helstu niðurstöður könnunarinnar í heild sinni og annað ýtarefni á vef FASK, <https://www.ferdaskaft.is> og vef sveitarfélagsins, www.hornafjordur.is, þar sem koma fram hugmyndir um hvað fyrirtækin sjálf, ríki, sveitarfélög, bankar, tryggingarfélag og aðrir aðilar máls geta gert til að draga úr neikvæðum áhrifum Covid 19 og tryggja um leið öflugla viðspyrnu þegar eðlilegra ástand skapast.

Stjórn FASK og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Alþjóðlegi klósettdagurinn 19. nóvember

Við eigum öll okkar þátt í mengun í vatni og sjó og því er það í okkar höndum að draga úr henni. Það á aðeins þrennt að fara í klósettið: Þiss, kúkur og klósettpappír. Klósettið er enginn staður fyrir eyrnapiña, bómullarhnoðra, blautklúta, smokka og annað rusl. Þessir hlutir eiga að enda í ruslatunnunni. Auðvitað er svo besta lausnin að nota sem minnst af einnota hreinlætisvörum.

Úrgangur í fráveitu er vandamál alls staðar á landinu. Auk þess að valda skaða á umhverfinu og rekstri fráveitukerfa, verða sveitarfélög fyrir miklum kostnaði þegar hreinsa þarf dælur og farga úrgangi sem berst í fráveitukerfin. Það erum jú við sem greiðum fyrir þjónustu við fráveiturnar – því meiri úrgangur,

því meiri hreinsun þarf með tilheyrandi kostnaði. Þegar álag er mikið aukast einnig líkur á bilunum í búnaði þannig að skólp fer óhreinsað út í sjó sem getur valdið hættu bæði fyrir menn og dýr. Þá hafa húslagnir einnig stíflast vegna blautklúta, en þá lendir kostnaður við úrbætur sem og óþægindi á íbúum og eigendum.

Ýtarlegri upplýsingar, myndbönd og tónlist í þema klósettdagsins má finna á www.klosettvinir.is.





KIRKJURNAR Í BJARNANESPRESTAKALLI

Fylgist með á sunnudaginn þegar ný stund birtist á netinu.

Hægt verður að horfa á YouTube og Facebook

Prestarnir

JÓLAPRÓF Í NÝHEIMUM

Minum alla háskólanema á að Nýheimar þekkingarsetur hefur umsjón með fjarprófum á Höfn fyrir háskóla landsins. Skráning í fjarpróf á Höfn fer í gegnum skólana. Próftökugjald er 4.000kr. fyrir hvert próf, þó aldrei meira en 16.000kr. fyrir eina önn.

Frekari upplýsingar og staðfesting á skráningu fást hjá Kristínu Völu (kristinvala@nyheimar.is)

FAS veitir sambærilega þjónustu fyrir framhaldsskólanema skráning er hjá Hildi (hildur@fas.is)



Samfélagssjóður Hornafjarðar

Auglýsir umsóknarfrest vegna jólaaðstoðar

Umsóknarfrestur í sjóðinn er til 12. desember nk. Umsóknareyðublöð eru að finna á Bæjarskrifstofu Sveitarfélags Hornafjarðar og þangað er umsóknum skilað.

Stjórn Samfélagssjóðs Hornafjarðar.

**The social fund of Hornafjörður
publicizes the closing day for applications
to the fund.**

The application deadline is 12th of December next.

The application form is available at the town hall and finished forms are to be returned at the same place.

The executive committee of the social fund of Hornafjörður.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

VISSIR ÞÚ

- 120 tonn af úrgangi komu inn í hreinsistöðvarnar Klettagarða og Ánanaust í Reykjavík árið 2019 og var urðaður í Álfsnesi.
- 120 tonn af úrgangi eru hálft kíló af rusli í klósettin eða niðurföll á hvern íbúa á höfuðborgarsvæðinu.
- Kostnaður sveitarfélaga vegna aðgerða í tengslum við úrgang í fráveitum hleypur á tugum milljóna króna á ári.
- Hver einstaklingur notar að meðaltali 140 lítra af vatni á dag.
- Lyfjaleifum má alls ekki sturta í klósettið heldur á að fara með þær í næsta apótek eða endurvinnslustöð.
- Lyfjaleifar finnast í íslenskum vötnum og sjó og geta lyfjaleifar í umhverfinu haft skaðleg áhrif á sjávar- og landdýr.
- Blautþurrkur, smokkar, eyrnarpinnar, tannþráður og annar úrgangur á að fara í ruslið.
- Ekki sturta niður blautþurrkum í klósett sem merktar eru af framleiðanda sem „flushable“ því þær valda einnig álagi á umhverfið og fráveitukerfin.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Styrkumsóknir fyrir árið 2021

Þeir sem vilja senda inn styrkumsókn vegna viðburða eða reksturs félagsamtaka þurfa að skila umsóknum fyrir 6. desember nk.

Styrkumsókn þarf að fylgja greinargerð eða ársreikningar/uppgjör fyrir síðasta fjárhagsár, og upplýsingar um fyrirhugaða nýtingu styrks og starfsemi styrkumsækjanda á liðnu ári.

Styrkumsóknir eru aðgengilegar á íbúagátt sveitarfélagsins <http://ibuagatt.hornafjordur.is>, þar er hægt að fylla út eyðublöð og hlaða inn viðhengjum með umsókn, einnig er hægt að senda umsókn til afgreiðslu sveitarfélagsins á afgreidsla@hornafjordur.is.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri



Frá mínum bæjardyrum

Ágætu bæjarbúar.

Mig langar að bregðast aðeins við ágætri grein sem Sveinbjörg Jónsdóttir skrifaði í Eystrahorn 12. nóvember sl. og fjallar um þá fyrirætlun sveitarstjórnar að bæta við lóðum í innbæ Hafnar. Fyrst vill ég biðja Sveinbjörgu afsökunar, ef henni finnst sér hafa verið mætt með útlátnunum og hæðni og getur vel verið að ég hafi ekki alltaf komist vel að orði, en ég hef viljað fjalla um þetta mál með rökum og yfirvegum, reyna að hlusta á rökin með og móti, vega og meta hvað vegur þungast í málalíðningu beggja aðila, komast að niðurstöðu.

Lóð fyrir lóð

Hér ætla ég að fara í þetta í sömu röð og Sveinbjörg, taka lóð fyrir lóð



Fyrir innan Silfurbraut 42 skáhalt upp undir Hríshólnum og lóð fyrir innan Silfurbraut 39 (sem er inná myndinni) hefur verið tekin út að ósk Golfklúbbsins, þær lóðir sem eftir eru verða ekki fyrir iðkendum enda hefur formaður golfklúbbsins tjáð mér að hann hafi ekki áhyggjur af þeim.

Fyrir aftan bílskúrana á Silfurbraut er gert ráð fyrir að setja þriggja íbúða raðhús sem er í ágætu samræmi við hin raðhúsin á Silfurbraut, það er passað að þarna verði pláss fyrir göngu- og hjólastíg eins og sést á myndinni.

Í enda Hvannabrautar er bætt við húsi og bílastæðum. Það hús verður eins og sést á myndinni þar sem við ákváðum að bæta við bílastæðum til þess að koma til móts við íbúa götunnar.

Á Vesturbraut hefur verið bætt við tveimur húsum, þessar lóðir hafa verið í aðalskipulagi síðan 2013. Við höfum reynt að koma sem mest til móts við íbúana, bæði höfum við lækkað mænishæð, þrengt götuna og breytt þessu í tvö hús í stað raðhúss eins og fyrstu skipulagstillögur voru og væri í samræmi við götumyndina.

Aðeins um græn svæði

Gult er um það bil það svæði sem fer undir þessar framkvæmdir. Grænt, eru núverandi leiksvæði (sem mætu vera betri) og fjólublátt er það græna svæði sem eftir verður á svæðinu, þetta getur hver og einn skoðað og mælt á (<http://map.is/hofn/>)

Vert er að spyrja sig, hvað eigum við að hafa mikið grænt svæði? Ég er alveg sammála Sveinbjörgu þau auka vellíðan og verða að vera inná milli.

Á kortasjá sveitarfélagsins er líka hægt að mæla vegalengdir í Hrossabithaganum, Drápsklettum og Þorgeirslundi sem Lions klúbburinn hefur verið að laga af miklum myndarskap undanfarið misseri.

Íbúakönnun, samráð, jarðvegur og fólksfjölgun

Í ágætri íbúakönnun (<https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/umhverfismal/ibuakonnun/>) sem sveitarfélagið stóð fyrir 2019 settu 7 manneskjur (ef menn stækka skalann) grænt svæði þar sem lóðirnar á Vesturbraut eru, þó svo þær fari í nýtingu þá er eftir þar svæði á stærð við fótboltavöll og ekkert því til fyrirstöðu að hafa leiksvæði þar. Ekki er verið að bæta við neinum umferðargötum og verður það í göngufæri fyrir alla, eftir sem áður.

Mér finnst ekki sanngjarnt að tala um að ekki hafi verið haft samráð við íbúa. Ég hef mætt á fjóra fundi vegna þessa máls boðinn og óboðinn, einn í golfskálanum, einn hjá Sjálfstæðisfélaginu, fund fyrir bæjarstjórnarfund eins og Sveinbjörg talar um og svo einn íbúafund. Þar fyrir utan veit ég að formaður bæjarráðs og skipulagsstjóri héldu fund með fulltrúum hópsins. Fyrir utan þetta eru lögbundnar kynningar í skipulagsferlinu. Það hefur verið leitað sátta og spurt hvort væri hægt að taka út lóðir til að gera þetta ásættanlegra, en svarið hefur verið allt út, engin málamiðlun.

Jarðvegur hér hjá okkur á Höfn er eins og hann er og það eru ótrúlega mörg hús byggð á sandi. Stórar byggingar eru reistar á staurum, sem dæmi Ráðhúsið og Ísturninn að hluta og svo stór hluti af innbænum. Í skipulaginu er gerð krafa um að húsbýggjandi komi með



grundunaráætlun svo hægt verði að passa að fari ekki illa fyrir nágrannabyggð.

Það er rétt hjá Sveinbjörgu að það hefur fjölgað í sveitarfélaginu umfram 1% sem gert var ráð fyrir í aðalskipulaginu síðan 2013. En þar draga sveitirnar vagninn því að þéttbýlið hefur ekki náð því marki enn og vantar talsvert á. Þetta er hægt að skoða á Hagstofan.is, þar eru margar fróðlegar upplýsingar.

Þétting

Mörg sveitarfélög eru að leitast við að þetta byggð til þess að nýta innviði betur og hefur verið sýnt fram á það að lóðirnar eru ódýrari fyrir sveitarfélög. Þær tölur voru kynntar á íbúafundinum og það er líka ódýrara fyrir náttúruna. Það er skylda okkar að nýta landið eins vel og við getum þó án þess að ganga á lífsgæði íbúa, því eins og bent hefur verið á þá eru græn svæði mikilvæg.

Það vill nú svo skemmtilega til að bæði ég og Sveinbjörg búum í húsum sem voru byggð á eftir umliggjandi húsum og telst því þétting í orðanna hljóðan, enda Höfn nánast ein þétting. Ég man eftir mörgum og held ég að nánast allar bæjarstjórnir undanfarna áratugi hafi staðið fyrir þéttingu hér á Höfn, meira að segja sú síðasta. Þær hafa verið mis umdeildar og kannski mis heppnaðar en um það verða alltaf skiptar skoðanir. En ég held að mér sé óhætt að fullyrða að alltaf hafa menn verið að standa í þessu stappi með hagsmunum sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Að lokum

Ég vona að ég hafi komið mínum skoðunum á framfæri í þessum pistli og þú lesandi góður sért einhvers vísari um þetta mál. Að búa í þéttbýli eða dreifbýli hefur sína kosti og galla, að búa í Sveitarfélaginu Hornafirði eru forréttindi og vont þykir mér ef íbúum finnst að þeim sé mætt með útlátnunum og hæðni. En verkefnið er umfram allt hjá okkur sveitarstjórnarmönnum að hugsa um hag sveitarfélagsins alls, reyna að hafa lífsskilýrði sem jöfnust hjá öllum íbúum. Reyna að bæta þau eins og kostur og raunhæft er, stýra skútunni þá stefnu sem við viljum fara með samtali og sjálfbærni að leiðarljósi.

Ásgrímur Ingólfsson
forseti bæjarstjórnar og
formaður umhverfis- og skipulagsnefndar

Landsbyggðirnar kalla



RATSJÁIN



Mynd: Þorsteinn Roy Jóhannsson

Sjö landshlutasamtök á Íslandi hafa tekið sig saman um að bjóða stjórnendum í ferðabjónustu og tengdum greinum þátttöku í nýrri útgáfu af Ratsjáinni, samtengdu verkefni sem hefst í upphafi árs 2021.

Ratsjáin er ákveðið verkfæri ætlað stjórnendum í ferðabjónustu og tengdum greinum sem vilja auka nýsköpunarhæfni sína, hraða mikilvægum breytingaferlum og öðlast aukna yfirsýn og getu til að þróa vörur og þjónustu. Íslenski ferðaklasinn leiðir verkefnið í samstarfi við RATA og tengiliði frá landshlutasamtökum sveitarfélaga á Austurlandi, Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra, Vestfirðum, Vesturlandi, Reykjanesi og Suðurlandi. Ljóst er að fyrirtæki í virðisdeðju ferðabjónustunnar eru í miklum ólgusjó sem ekki sér fyrir endann á. Á næstu mánuðum er lyklatríði að halda fast um taumana, nýta sér þau úrræði sem í boði eru af hendi stjórnvalda ásamt því að nýta tímann til að efla nýsköpun, vöruþróun og stafræna ferla fyrirtækisins.

Ratsjáin mun snerta á helstu áskorunum sem fyrirtækjaeigendur standa frammi fyrir í dag en endanleg dagskrá mun verða unnin í samstarfi við þátttakendur

sem geta haft áhrif á þá efnisþætti sem teknir verða fyrir. Meðal efnisþátta sem verða í boði eru: nýsköpun og vöruþróun, markaðsmál og markhópar, sjálfbærni og ábyrg ferðabjónusta, stafræn þróun og tækniþynging fyrirtækja, breyttir tímar og tækifærin - kaupákvörðunarhringurinn, draumur stofnenda - tilgangur og markmiðasetning, heimasíður - hvernig skararsíðanmínframúr?, jákvæðsálfræði, breytingastjórnun, endurhugsaðu viðskiptamódelið, skapandi hugsun sem verkfæri til framfara, samkeppnishæfni og sérstöðugreining, svo dæmi séu tekin.

Ratsjáin mun hefjast með formlegum hætti í janúar 2021 og standa yfir í 16 vikur eða til 16. apríl. Umsóknarfrestur er til 1. desember 2020 og er umsóknar-eyðublað aðgengilegt á heimasíðu Íslenska ferðaklasans, <http://www.icelandtourism.is>. Þátttakendur frá öllum landshlutum munu hittast á tveggja vikna fresti á sameiginlegum vinnustofum á netinu þar sem kafað verður í kjarna þeirra verkfæra sem fyrir valinu verða. Á milli sameiginlegra vinnustofa verður haldinn svæðisbundinn heimafundur í umsjón landshlutanna sjálfra. Þar

verður farið nánar yfir efnistökin frá sameiginlegum fundi og unnið með sérstöðu hvers svæðis fyrir sig á þeirra forsendum.

Ratsjáin var fyrst keyrð í samstarfi Ferðaklasans og Nýsköpunarmiðstöðvar árið 2016 en með stuðningi frá Byggðaáætlun frá 2019 og nú með stuðningi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í ljósi breyttra tíma mun Ratsjáin 2021 miða að því að vera svæðisbundin en samtengd í senn og er því töluvert frábrugðin hefðbundna verkefnum. Það sem þó tengir þau saman fyrir utan nafnið sjálft er hugmyndafræðin að baki en það allra mikilvægasta er að þátttakendur kynnist hver öðrum, geti miðlað þekkingu og reynslu sín á milli og myndi með sér samstarf og tengslanet sem þau búa að löngu eftir að verkefnum líkur.

Nánari upplýsingar veita:

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdarstjóri Íslenska ferðaklasans, asta.kristin@icelandtourism.is

Svava Björk Ólafsdóttir, stofnandi RATA, svava@rata.is

otto

VERSLUN

OPIÐ ALLA DAGA 14-18

Kaupmannshúsið, kjallari · Hafnarbraut 2
780 Höfn í Hornafirði

RH-LAGNIR

PÍPULAGNAVERKTAKI

Hafið samband í síma 866-0239

Reynir Haukur Hauksson



Trúnaðarmaður - til hvers?

Dlaczego warto mieć męża zaufania w miejscu pracy?

Why have a union representative?



Trúnaðarmaður á vinnustað er lykilatriði í því að réttindi starfsmanna séu virt. Bara það að trúnaðarmaður sé til staðar hefur strax jákvæð áhrif.

Alltaf er nauðsynlegt að auka og bæta tengsl félagsmanna AFLs við forystu félagsins til að tryggja að sjónarmið sem flestra heyrist á fundum samninganefndar félagsins og í daglegum störfum þess. Meðal annars skapa trúnaðarmenn þetta samband.

Allir vinnustaðir með minnst 5 starfsmenn eiga rétt á að kjósa sér trúnaðarmann og að hann njóti samningsbundinna réttinda til að sinna málefnum vinnufélaga í vinnutíma.

Á hverju ári eru umfangsmikil trúnaðarmannanámskeið haldin og því er rétti tíminn til að kjósa trúnaðarmenn þar sem þá vantar.

Hafið samband við tengilið trúnaðarmanna AFLs:

Find out more through the AFL contact for union representatives:

W celu uzyskania bliźszych informacji skontaktuj się z pośrednikiem AFL:

Gunnar Smári Guðmundsson
sími/tel.: 4700 303
gunnar@asa.is



Obecność męża zaufania w miejscu pracy jest kluczowym czynnikiem jeżeli chodzi o poszanowanie praw pracowniczych. Już sama jego obecność w miejscu pracy ma pozytywny wpływ na otoczenie.

Aby opinie jak największej ilości osób zostały wzięte pod uwagę zarówno na posiedzeniach funkcjonariuszy związku, jak i w codziennej pracy każdej z osób; należy zwiększyć i poprawić relacje między członkami i kierownictwem związków AFL (związki zawodowe pracowników ogólnych i wykwalifikowanych we wschodniej Islandii). To właśnie mężowie zaufania są jednymi z tych, którzy tworzą te relacje i są łącznikami między stronami.

Każde miejsce pracy zatrudniające co najmniej 5 pracowników ma prawo wybrać męża zaufania, któremu przysługuje wówczas umowne prawo do zajmowania się sprawami współpracowników w godzinach pracy.

Każdego roku odbywają się intensywne kursy przeznaczone dla mężów zaufania, dlatego właśnie teraz jest odpowiedni moment na to, aby wybrać osoby na w/w stanowisko w miejscach, w których jest ono potrzebne.



In the workplace, a union representative is key to ensuring respect for employee rights. Just having a union representative around has a positive effect.

AFL always needs to increase and improve the connections between members and union officers, so that as many opinions as possible can be considered in day-to-day AFL activities and by the union's wage negotiating committee. Union representatives are important in providing such a link.

Any workplace with at least 5 employees is entitled to elect a union representative, who then has the contractual right to attend to her/his colleagues' affairs during work hours.

Extensive courses are offered for union representatives every year, so now is the best time to elect them wherever they are lacking.



www.asa.is

AFL Starfsgreinafélag | AFL Związki Zawodowe rejone | AFL Labour Union | asa@asa.is | asa.is | Tel. 470 0300

Atvinnulífið á Austurlandi byggir á drífandi og öflugu starfsfólki. AFL Starfsgreinafélag er verkalýðsfélagið á Austurlandi.

Gospodarka wschodniej Islandii zależy od energicznych i produktywnych pracowników, a związkiem zawodowym tego regionu jest AFL - Związek pracowników ogólnych i wykwalifikowanych we wschodniej Islandii.

East Iceland's economy depends on energetic, productive workers, and this region's labour union is AFL - the Union of General and Special Workers in East Iceland.



HEIMASÍÐUR UMBROT OG AUGLÝSINGAR

Hafðu samband:
tjorvi@upplausn.is
eða í sí: 848-3933



Nú fást **Volare** vörurnar hjá
Flikk hárgreiðslustofu.

Náttúrulegar húð- og heilsuvörur

Volare

f l i k k

Úr sársauka í styrk



Kæru Hornfirðingar.

Eins og mörg ykkar vita greindist Ægir Þór yngsti sonur okkar Sævars árið 2016 með Duchenne sem er banvænn og ólæknandi vöðvarýrnunarsjúkdómur. Þá breyttist líf mitt að eilífu og við tók sorgarferli og ýmsar breytingar. Eftir að hafa jafnað mig á mesta áfallinu fór ég smátt og smátt að vinna mig í gegnum sorgina með því að semja ljóð. Ég fann tilgang með ljóðunum og langaði að deila þeim með öðrum og reyna þannig að veita von og kærleika út í heiminn fyrir aðra í svipaðri stöðu. Þannig varð til ljóðaverkefni sem ég er afar stolt af og nefnist: Úr sársauka í styrk.

Ég hef lært á minni vegferð að það er hægt að finna tilgang sinn þrátt fyrir mótlæti og nýta erfiðleikana til góðs, það er nefnilega alltaf eitthvað gott í öllu. Ég er því byrjuð að selja ljóðaverkefnið mitt hér á Höfn og þeir sem hafa áhuga á að kaupa það geta hringt í mig í síma 690-5770 og ég get skutlað því til ykkar. Einnig má finna mig á fésbókinni eða senda mér tölvupóst á netfangið lukkassvans@gmail.com. Hver ljóðastandur er á 5000 kr en af hverjum seldum standi renna 1000 kr. til Góðvildar sem er stuðningsfélag langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Það er gaman að segja frá því að ég var svo heppin að fá Erlu systur mína til að myndskreyta ljóðin á sinn einstaka hátt sem gerir þetta verkefni enn skemmtilegra og persónulegra að mínu mati.

Með von um góðar viðtökur.

Hulda Björk



**Opíð alla laugardaga frá
kl. 13:00-16:00 fram að jólum.
Opíð virka daga frá kl. 13:00-18:00**

Úrval af góðum rúmum og dýnum fyrir allan
aldur og fallegir höfðagaflar
Einnig hlífðardýnur, lök, rúmföt, sængur og kotta
Pottablómið Jólástjarnan er komin

Símar: 478-2535 / 898-3664



BARA

**PISS, KUKUR OG
KLÖSETTPAPPÍR**

**MÁ FARA Í
KLÖSETTIÐ**

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Þú færð **vetrardekk**in hjá okkur.
Bjóðum upp á allar stærðir
og gerðir **vetrardekkja**.



 **Hankook**
PERFORMANCE TIRES

 **GOODYEAR**


Vatnajökull Travel

Vatnajökull Travel • Bugðuleira 2 • 780 Höfn • Sími: **839-1616 / 894-1616**